

Nd.

861. Frumvarp til laga

[236. mál]

um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

(Eftir 3. umr. í Ed., 17. maí.)

Samhljóða þskj. 484 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Enginn má framleiða skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins. Heimilt er þó handhafa skotvopnaleyfis að hlaða skot-hylki í þau vopn, er hann hefur leyfi fyrir.

7. gr. hljóðar svo:

Enginn má flytja til landsins skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins. Heimilt er dómsmálaráðherra að fela lögreglu-stjórum að veita slík leyfi. Eigi skal heimilt að flytja til landsins til sölu skotvopn sem hlaða sig sjálf (sjálfvirkar byssur).

Leyfi samkvæmt 1. mgr. skal ætíð gefið út fyrir ákveðinni tegund og magni skotvopna, skotfæra, sprengiefna eða skotelda. Óheimilt er að tollafgreiða greindar vörur fyrr en leyfi samkvæmt 1. mgr. liggur fyrir.

Dómsmálaráðherra getur sett frekari reglur um innflutning ofangreindra efna og tækja, þar á meðal hvaða efni og tæki megi flytja til landsins.

13. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er þeim, sem versla með skotvopn eða sprengiefni, að nota það nema með leyfi viðkomandi lögreglustjóra.

18. gr. hljóðar svo:

Eigendum skotvopna er óheimilt að selja, gefa eða afhenda á annan hátt skot-vopn til eignar nema viðtakandi sýni fram á, að hann hafi leyfi lögreglustjóra, sbr. 14. gr.

Eigendum skotvopna er óheimilt að lána til afnota skotvopn nema þeim, sem leyfi hafa til að nota sams konar skotvopn. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um, að eiganda skotvopns sé heimilt að lána það eða láta af hendi í ákveðnum tilvikum.

20. gr. hljóðar svo:

Þeir, sem fara með eða nota skotvopn, skulu ætíð gæta fyllstu varúðar.

Óheimil er meðferð skotvopna, sé viðkomandi undir áhrifum áfengis eða annarra vímuegjafa.

Eigi má hleypa af skoti á vegum, yfir vegi, á almannafæri eða annars staðar, þar sem hætta getur stafað af, nema nauðsyn krefji.

Eigi má maður hleypa af skoti á annars manns landi eða skjóta yfir annars manns land án leyfis landeiganda eða ábúanda nema lög mæli öðru vísi fyrir um. Mál út af þessari málsgrein skal því aðeins höfða, að sá krefjist, sem misgert var við.